

Ný umsókn Endurnýjun umsóknar Milliflutningur

Umsókn um þjónustuíbúð aldraðra

Almennar upplýsingar

Nafn umsækjanda

Kennitala umsækjanda

Lögheimili

Póstnúmer

Netfang

Sími

Rafræn skilríki

Já Nei

Hjúskaparstaða - ef umsækjandi er giftur eða í sambúð þarf sá aðili einnig að skrifa undir umsóknina sem umsækjandi

Ógift/ur Gift/ur Í sambúð

Nafn umsækjanda 2

Kennitala umsækjanda 2

Tengiliður

Hér getur þú skráð upplýsingar um tengilið eða aðstandanda sem má hafa samband við vegna umsóknarinnar. Með þessari skráningu gefur þú Reykjavíkurborg leyfi til að miðla upplýsingum til tengiliða um umsóknina þína.

Nafn tengiliðar 1

Kennitala

Netfang

Sími

Tengsl

Nafn tengiliðar 2

Kennitala

Netfang

Sími

Tengsl

Húsnæði sem sótt er um

Heimilt er að krossa við fleiri en eitt

- | | |
|---|---|
| <input type="checkbox"/> Dalbraut 21 - 27 | <input type="checkbox"/> Langahlíð 3 |
| <input type="checkbox"/> Furugerði 1 | <input type="checkbox"/> Norðurbrún 1 |
| <input type="checkbox"/> Hjallasel 55 (Seljahlíð) | <input type="checkbox"/> Lindargata 57 - 66 |

Ég staðfesti að allar upplýsingar sem eru veittar í sambandi við umsókn þessa eru réttar. Ég skuldbind mig til að upplýsa velferðarsvið um allar breytingar á búsetu og félagslegum aðstæðum sem kunna að hafa áhrif á umsóknina. Til að geta sannreynt rétt minn á þjónustuíbúð aldraðra, skv. reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði og skv. 4. tölul. 1. mgr. 13. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 þarf velferðarsvið Reykjavíkurborgar að afla persónuupplýsinga er mig varða.

- Ég staðfesti að hafa kynnt mér fræðslu um vinnslu persónuverndarupplýsinga á næstu blaðsíðu.

Dagsetning

Undirskrift umsækjanda

Undirskrift maka/sambúðaraðila

Fylgigögn

Með umsókn skulu fylgja upplýsingar um heilsufar. Það getur t.d. verið mat teymisstjóra heimaþjónustu eða læknisvottorð.

Eftir að umsókn er skilað inn mun ráðgjafi á miðstöð boða þig í viðtal.

Persónuvernd

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar úthlutar félagslegum leiguíbúðum fyrir aldraða á grundvelli XII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, 4. tl. 13. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 og reglna Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði.

Unnið er með persónuupplýsingar sem velferðarsvið Reykjavíkurborgar sækir og þær upplýsingar sem þú lætur af hendi í umsóknarferli. Upplýsingarnar eru varðveittar í samræmi við lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014, lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 og persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar.

Starfsfólk Reykjavíkurborgar er bundið þagnarskyldu um málefni þín samkvæmt X. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993, sbr. 57. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Hver er tilgangur vinnslu og grundvöllur hennar?

Reykjavíkurborg er nauðsynlegt að vinna með persónuupplýsingar þínar til að leggja mat á umsókn um félagslegt leiguhúsnæði hjá Reykjavíkurborg. Vinnslan byggir á lagaskyldu þ.e. XII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 sbr. 4. tl. 13. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 sbr. 3 tl. 9. gr. sem og 2. og 3. tl. 11. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Veitir þú Reykjavíkurborg ekki umbeðnar upplýsingar getur það leitt til þess að ekki verði hægt að afgreiða umsóknina.

Hvaða upplýsingar er unnið með?

Upplýsingar sem þú veitir:

Nafn, lögheimili/aðsetur, kennitölu, símanúmer, netfang. Upplýsingar um heilsufar, s.s. læknisvottorð og mat teymisstjóra heimaþjónustu/heimahjúkrunar á því að núverandi þjónusta nægi ekki. Taka skal mið af niðurstöðu matsins Resident Assessment Instrument-Home Care (RAI-HC), liggja hún fyrir. Unnið er með upplýsingar frá skattyfirvöldum, heimahjúkrun og heimaþjónustu. Ef þú ert með tímabundið dvalarleyfi leggur þú fram afrit af dvalarleyfinu. Heimilt er að óska eftir ítarlegri upplýsingum og/eða gögnum frá öðrum aðilum á meðan á umsóknarferlinu stendur með samþykki þínu. Nafn og/eða kennitölu maka/ sambúðaraðila. Einnig aðrar upplýsingar sem þú vilt koma á framfæri í umsóknarferli.

Upplýsingar sem velferðarsvið Reykjavíkurborg sækir:

Reykjavíkurborg sækir grunnupplýsingar um þig til Þjóðskrár. Ef þú hefur einhvern á þinni framfærslu er jafnframt unnið með upplýsingar um nafn, kennitölu og lögheimili þeirra aðila og eru þær sóttar til Þjóðskrár.

Aðrar upplýsingar sem kann að verða unnið með:

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að óska eftir ítarlegri upplýsingum og/eða gögnum frá öðrum aðilum á meðan á umsóknarferlinu stendur með samþykki þínu.

Hversu lengi eru persónuupplýsingarnar geymdar?

Persónuupplýsingar þínar eru geymdar ótímabundið á grundvelli lagaskyldu sem hvílir á Reykjavíkurborg.

Hvernig tryggjum við öryggi persónuupplýsinganna?

Upplýsingar sem aflað er í tengslum við umsókn þína eru skráðar í gagnagrunn velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg gætir öryggis persónuupplýsinga með viðeigandi skipulagslegum og tæknilegum ráðstöfunum, þ. á m. aðgangsstýringum og dulkóðun.

Miðlun persónuupplýsinganna til þriðja aðila

Komi til úthlutunar þjónustuíbúðar aldraðra verður almennum upplýsingum um þig miðlað til Félagsbústaða hf. sem annast gerð leigusamnings og umsjón með leigu félagslegs leiguhúsnæðis Reykjavíkurborgar, en Félagsbústaðir hf. eru sameiginlegur ábyrgðaraðili að þeirri vinnslu ásamt velferðarsviði. Öll gögn sem unnið er með eru hýst í skýjalausn Origo.

Að tilgreindum tíma liðnum er Reykjavíkurborg skylt að afhenda Þjóðskjalasafni öll gögn sem unnið er með í tengslum við umsóknir um félagslegt leiguhúsnæði til varðveislu. Reykjavíkurborg mun að öðru leyti ekki miðla persónuupplýsingum þínum til annarra aðila nema borginni sé slíkt skylt á grundvelli laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða dómsúrskurðar. Þá mun Reykjavíkurborg ekki miðla persónuupplýsingum þínum utan Evrópska efnahagssvæðisins nema á grundvelli sérstakrar heimildar þar um og án þess að upplýsa þig um slíkt.

Réttindi þín

Þú kannt að eiga rétt til þess að fá aðgang að þeim persónuupplýsingum sem velferðarsvið Reykjavíkurborg vinnur með í tengslum við umsókn þína. Þá kannt þú að eiga rétt til að andmæla vinnslunni, fá upplýsingarnar leiðréttar, krefjast þess að þeim verði eytt, að vinnslan verði takmörkuð og/eða að þú eða þriðji aðili fái upplýsingar afhentar á tölvulesanlegu formi. Nánari upplýsingar um þessi réttindi þín má finna í persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar sem aðgengileg er á vefsíðu Reykjavíkurborgar.

Kvörtun yfir vinnslu persónuupplýsinga

Sérstök athygli er vakin á því að sért þú ósátt/ur við meðferð Reykjavíkurborgar á persónuupplýsingum þínum getur þú ávallt haft samband við persónuverndarfulltrúa Reykjavíkurborgar (personuverndarfulltrui@reykjavik.is) eða sent erindi til Persónuverndar (personuvernd.is).

Þjónustukannanir

Notendur þjónustu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og í einhverjum tilvikum aðstandendur þeirra, kunna að lenda í úrtaki vegna þjónustukannana.

Slíkar kannanir eru framkvæmdar reglulega, ýmist með símtölum, í gegnum tölvupóst eða með viðtölum.

Þátttaka er valfrjál en hún er mikilvæg þar sem markmið velferðarsviðs Reykjavíkurborgar er að veita sem besta þjónustu og mæta þörfum notenda. Þjónustukannanir á vegum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar fara fram á grundvelli lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila samkvæmt 1. mgr. 5. gr. nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, sbr. 3. tl. 9. gr. sem og 2. og 3. tl. 11. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Þá geta þjónustukannanir einnig byggt á 1. mgr. 26. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, sbr. 4. tl. 9. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 eða á samþykki þínu, sbr. 1. tl. 9. gr. sem og 1. tl. 11. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Niðurstöður kannana eru markvisst nýttar til að þróa og bæta þjónustuna og eru ópersónugreinanlegar.